



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
150 Reykjavík  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík 03.janúar 2020

**Efni:**

*Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlanir, mál 434 og 435.*

Ágætu nefndarmenn Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Til umsagnar eru tillögur að samgönguáætlunum til næstu 15 ára, annars vegar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2024, mál 434 og hins vegar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 – 2034, mál 435.

Í fyrri áætluninni bls. 14 kemur fram að reiðvegafé er óbreytt á árunum 2020 – 2024, 75. m.kr. á ári, eða 375. m.kr. á fimm ára tímabili. Í síðari áætluninni kemur fram á bls. 20 að á tímabilunum 2025 – 2029 og 2030 – 2034 að reiðvegafé er 400. m.kr. hvort tímabil eða 80. m.kr. á ári.

**Hestamenn telja ekki nægjanlegt fjármagn lagt til þessa málaflokks hvað varðar uppbyggingu og viðhald reiðvega, sem er undirstaða hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu í landinu.**

Undanfarin ár hafa umsóknir hestamannafélaganna í reiðvegafé árlega numið á bilinu 280. – 330. m.kr.þá bæði til nýbygginga og viðhalds eldri reiðvega. Árið 2002 voru 39,9. m.kr. til reiðvega á vegaaáætlun, árið 2009 er reiðvegafé orðið 70.0. m.kr. og hafði þá tekið mið af verðlagsþróunum. Árið 2010 er reiðvegafé skorið niður í 60.0. m.kr. og er óbreytt til ársins 2019 að það hækkaði í 75. m.kr. Grunnur byggingavísitölu breytist árið 2010 og er settur á 100, um áramót 2018 – 2019 er grunnur vísitölnnar orðinn 142,1. Reiðvegafé hefði því átt að vera 107,6. m.kr. 2019 hefði það fylgt verðlagsþróunum. Í raun hafa engar hækkningar verið til þessa málaflokks frá árinu 2009, heldur skerðist framlag ríkisins hlutfallslega.

**Hestamenn vekja athygli á þeim gríðarlegu fjármunum sem hestatengd starfsemi er að skapa þjóðarbúinu á ársgrundvelli, sem eftirfarandi dæmi sýna.**

1. Árið 2001 voru gjaldeyristekjur af hestamennsku 7,5 milljarðar kr. samkvæmt könnun Ferðamálaráðs og heimild Hagstofunnar. ( Skýrsla Samgönguráðuneytisins; Nefnd um viðbótarfjáröflun til reiðvega febrúar 2003, bls. 5 ).

Árið 2001 sóttu um 280 þús. erlendir ferðamenn landið heim, talið er að um 14% hafi sótt afþreyingu í íslenska hestinn að sumarlagi og um 8% að vetrarlagi.

Í ár 2019 er áætlað að rúmlega 2 milljónir erlendra ferðamanna sæki landið heim.



# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949

Íþrótt, menning, lífsstíll

2. Gjaldeyrstekjur af útflutningi hrossa nemur á tólf ára tímabili 10,9 milljörðum kr. þ.e. frá 2007 til júlí 2019. Útflutningur hrossa hefur farið jafnt og þétt vaxandi frá árinu 2010 að einu ári undanskyldu. ( Grein Magnúsar Heimis Jónssonar í Morgunblaðinu 9. september 2019, byggð á gögnum Matvælastofnunar og viðtali við Gunnar Arnarsson hrossaútflytjanda ).

•

3. Í skýrslu; Hestamennska og hestaferðapjónusta - ýmsar tölur og gögn 15 apríl 2019 (DRÖG). ( Höf. Ingibjörg Sigurðardóttir lektor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum ). Í kafla um hestatengda ferðapjónustu kemur m.a. fram eftirfarandi:

Árið 2002 var fjöldi ferðamanna hérlendis 248.580 og var þá áætlað að 41.791 erlendir ferðamaður hefði farið á hestbak meðan á dvölinni stóð. Þar af fóru um 25 þúsund manns á hestbak að sumri (júni – ágúst). Ekki var vitað hvert var hlutfall þeirra sem fóru í hestaleigu og hestaferðir (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2004).

Árið 2014 var á sambærilegum forsendum áætlað að um 120.150 erlendir ferðamenn hefðu farið á hestbak meðan á dvölinni stóð hérlendis (Tinna Dögg Kjartansdóttir, 2014).

Árið 2014 var áætlað að velta hestaleiga og hestaferðafyrirtækja hérlendis væri 2,5-3 milljarðar (Tinna Dögg Kjartansdóttir, 2014). Sé miðað við þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar í greiningu Tinnu Daggar **má ætla að heildarvelta hestaleiga og hestaferðafyrirtækja hérlendis hafi verið 7 - 8 milljarðar á árinu 2018.**

1. Í daglegu tali hérlendis er að jafnaði átt við hestaleigur (1 dagur eða minna) eða hestaferðir (meira en 1 dagur) þegar talað er um hestaferðapjónustu. Samt sem áður hefur það verið rökstutt að „hestatengd ferðapjónusta sé hvers kyns þjónusta sem fyrirtæki eða einstaklingar veita ferðamönnum í tengslum við hesta, hvort sem um er að ræða þjónustu sem tengist reiðmönnum, hestinum sjálfum, sögu hans, ímynd, afurðum eða þætti hans í menningar- og atvinnusögu þjóðarinnar“ (Ingibjörg Sigurðardóttir, 2004, bls. 6).
2. **Rétt er að hafa í huga að fjölþætt starfsemi önnur en hestaleigur og hestaferðir geta talist til hestatengdrar ferðapjónustu. Má þar nefna hestatengda viðburði. Þar ber hæst Landsmót hestamanna sem haldið er annað hvert ár og er gestafjöldi 8-10 þús. Um 1/3 gestafjöldans eru erlendir gestir. Varlega áætlað er talið að meðaleyðsla gesta á dag á Landsmóti hestamanna 2016 fyrir utan gistingu hafi verið 30.041,-kr. erlendir gestir eyddu að meðaltali 34.955,-kr. á dag en Íslendingar 26.706 krónum. Varlega áætlað hefur því verið áætlað að efnahagsleg áhrif Landsmóts hestamanna 2016 hafi verið um 160 milljónir króna án afleiddra áhrifa (Heldt, 2017).**
3. Um þessar mundir er erfitt að nálgast nýjustu tölur um hversu hátt hlutfall ferðamanna nýtir ákveðna flokka afþreyingar svo sem hestaferðapjónustu en það er vegna breytinga á skráningu og utanumhaldi um gögn hjá Ferðamálastofu en verið er að flytja helstu gögn inn í svokallað



# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

STOFNAÐ 1949

Íþrótt, menning, lífsstíll

Mælaborð ferðaþjónustunnar. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir má þó gera ráð fyrir að um **287 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið á hestbak árið 2018** meðan á dvöl þeirra stóð hérlendis.

•

Í dag stunda um 35 þúsund Íslendingar hestamennsku að staðaldri, þar af eru um 12 þúsund skráðir félagar í 45 hestamannafélögum.

Hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta eru að skapa þjóðarbúinu tuga milljarða kr. í tekjur á ársgrundvelli og því nauðsynlegt að hlúa að greininni eins og kostur er.

Eitt af megin verkefnum hestamanna í reiðvegamállum er að skera af með öruggum hætti á samnýtingu vega milli hesta og vélknúinnar umferðar sem er mikið öryggisatriði fyrir alla, ekki bara hestamenn. Til að svo geti verið þarf aukið fjármagn í málaflokkinn.

Reiðvegir á Íslandi eru og hafa í gegnum árin verið byggðir upp að verulegu leiti með frjálsu vinnuframlagi hestamanna sjálfra, en vissulega með framlögum frá ríki og sveitarfélögum. Hér má sannarlega kalla verkefnið krónu á móti krónu, þar sem gríðarleg sjálfbodaliðavinna hestamanna er í þessum málaflokki. Þar erum við hestamenn tilbúnir til að bæta í enn frekar.

Hestamenn fagna því að framlög til hjóla- og göngustíga séu aukin verulega eins og fram kemur í tillögum til þingsályktunar um samgönguáætlanir 2020 – 2034 ( 4.500. m.kr. ).

Hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta eru að leggja til þjóðarbúsins gríðalegar tekjur eins og sjá má í dæmum hér framar.

Hestamenn telja ekki rétt gefið þegar kemur að framlögum hins opinbera til almennra stíga, þ.e. reið-, hjóla- og göngustíga sem flokkaðir eru svo í vegalögum.

**Reiðstígar hafa orðið hér út undan og þarf að tvöfalda framlög til þeirra hið minnsta frá því sem nú er.**

**Hestamenn skora á Alþingi að bæta úr og auka verulega framlög til reiðvega og að nefndarmenn Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis beiti sér til að svo verði.**

## Virðingarfyllt

Halldór H. Halldórsson

formaður Ferða- og samgöngunefndar Landssambands hestamannafélaga ( LH )